

Greining kostnaðar við vetrarþjónustu með hliðsjón af veðurlagi – Júní 2017. Einar Sveinbjörnsson, Veðurvaktin, Sveinn Gauti Einarsson, Veðurvaktin og Einar Pálsson, Vegagerðin.

Vegagerðin hefur stuðst við svo kallaðan VetrarIndeX við deilingu fjármuna til vetrarþjónustu milli svæða. VetrarIndeX tekur mið af lofthita, lofthitasveiflum kringum 0°C, loftraka og daggarmarki ásamt vindhraða. Annmarkar á þessu eru að samband þjónustustigs og veðurs þar sem þjónustustig er hátt með tilheyrandi kostnaði eins og raunin er t.d. suðvestanlands í éljaveðri, kemur illa fram. Í þessu verkefni var beitt annarri aðferðarfræði og er tilgangurinn að eiga í handraðanum aðra mælistiku til að meta tengsl veðurs og kostnaðar við vetrarþjónustu Vegagerðarinnar. Gert er ráð fyrir að nota þetta nýja tól samhliða VetrarIndeX.

Nýja aðferðin var fólgin í því að greina dagleg kostnaðargögn Vegagerðarinnar á Suðvestursvæði á tímabilinu janúar 2011 til desember 2015 og bera þau saman við veðurgögn með nýjum hætti. Veðurgögnin voru fengin með því að endurgreina veður aftur til ársins 1961 með svokallaðri aðferð Hovmöllers. Hún byggir á greiningu þriggja veðurþátta í 500 hPa þrýstifletinum í námunda við landið. Út frá því er veðurfarinu skipt í 6 veðurklasa samanber neðanskráða töflu.

1 Kalt og þurrt
2 Leysingar og vetrarblotar
3 A- og NA-átt, lægðir fyrir sunnan land
4 Umhleypingar og stormasamt
5 Útsynningur
6 N-átt með snjó

Tilgangur með verkefninu var að skoða hvernig aðferðin kæmi út og meta jafnframt gagnsemi hennar. Megin niðurstaðan er sú að með aðferðinni fæst hagnýtt greiningartól sem tengir kostnað og veður saman í klösunum 6, viku í senn. Hvort sem litið er til kostnaðar eða ekinna kílómetra þjónustutækja er umfang mismunandi og er til dæmis í báðum tilvikum 6 falt meiri fyrir klasa 5 (útsynningur) miðað við klasa 1 (kalt og þurrt).

Aðferðin kemur að notum við að skýra betur fjárútlát til þjónustu milli ára og getur gagnast við áætlanagerð og mat á þjónustukostnaði út frá hinni stóru breytu sem veður er í þessum efnum. Bent er á að þessi athugun miðast við Suðvesturland, þar sem hálkuvarnir eru uppistaðan í vetrarþjónustu, en einnig mætti þróa hana áfram og skoða staði t.d. þar sem snjómokstur er meginþáttur vetrarþjónustunnar.